

Nd.

109. Breytingartillögur

[31. mál]

við frv. til l. um fjárhagslegan stuðning við leiklistarstarfsemi áhugamanna.

Frá menntamálanefnd.

1. Á undan síðustu málsgrein 1. gr. komi:
C-flokkur:
 1. að sýna a. m. k. eitt leikrit á ári, sem sérstaklega er ætlað börnum og sé fullgild sýning.
2. Aftan við 2. gr. bætist nýr málsl., svo hljóðandi:
Auk þess er heimilt að styrkja sérstaklega sýningar á öðrum íslenskum leikritum.
3. 3. málsg. 5. gr. verði þannig:
Sýni félag umfram þá leikritatölu, sem getur í 1. gr., A- og B-flokki, leikrit, sem sérstaklega er ætlað börnum og er fullgild sýning, skal styrkja það aukalega með allt að 30 þús. kr.
4. Niðurlag 9. gr. verði þannig: en á móti styrkjum í B- og C-flokki komi a. m. k. 50% frá hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóði.